


Velkomin/n í klínískt nám á Landspítala!

- ❑ Þú hefur undirritað þagnarskyldu og reglur er varða notkun sjúkraskrárupplýsinga á Landspítala. Við minnum á að hún er í fullu gildi á meðan þú ert í verknámi á Landspítala og eftir. Eyðublöðin færð þú hjá Huldu Pálsdóttur, verkefnastjóra á menntadeild, netfang: huldap@landspitali.is.
- ❑ Auðkenniskort færð þú í Skaftahlíð 24. Opið er kl. 9-12 og kl. 13-15. Nánari upplýsingar eru hér: <https://rek.landspitali.is/thjonusta/audkenniskort>.
- ❑ Aðgangur að Sögukerfinu og fleiri rafrænum kerfum: Þú stofnar **Leynihólf** þegar þú ert komin á námsdeildina en í því verða framvegis aðgangsorðin þín að rafrænum kerfum á Landspítala.

1. Þú ferð á innri síðu Landspítalans (í Landspítalatölvu) og velur þar *Leynihólfið*.
2. Þú skráir þig inn með rafrænum skilríkjum og þá opnast leynihólfið. Þar eru lykilorðin að þeim kerfum sem þú færð aðgang að.
3. Ef þetta gengur ekki sendu þá póst á huldap@landspitali.is



- ❑ Nemendum ber að framfylgja reglum um heilsuvernd nemenda á Landspítala – Allir læknanemar sem koma í verknám á spítalanum þurfa að hitta starfsmannahjúkrunarfræðing áður en verknám hefst. Tímapantanir í síma 543-1330.

Berklapróf. Öllum nemendum er skylt að fara í berklapróf hjá starfsmannahjúkrunarfræðingi Landspítala áður en þeir hefja verklegt nám á spítalanum í fyrsta sinn. Niðurstöðu prófsins skal sýna umsjónarmanni verknámsins í viðkomandi skóla.

Bólusetningar. Öllum nemendum er skylt að skila [þessu vottorði](#) um að þeir hafi fengið eftirtalda sjúkdóma, eða hafi verið bólusettir gegn þeim: Barnaveiki (Diphtheria), stífkrampi (Tetanus), kíghósti (Pertussis), mænusótt (Polio), mislingar (Morbilli), hettusótt (Parotitis epidemica) og rauðir hundar (Rubella). Nemandi fái þetta vottorð undirritað á heilsugæslustöð og greiði sjálfir fyrir það. Vottorðinu skal skilað til viðkomandi háskóladeildar/-brautar eða umsjónarmanns verknáms áður en verklegt nám hefst á Landspítala.

Lifrabólga B. Nemendum í heilbrigðisgreinum er skylt að láta bólusetja sig gegn lifrabólgu B nema læknisfræðileg rök mæli gegn því. Bólusetningar eru framkvæmdar af starfsmannahjúkrunarfræðingi Landspítala í samráði við kennara. Bólusetningaferlið tekur 6 mánuði (3 sprautur) og skal hefjast áður en verklegt nám hefst á spítalanum.

MÓSA-próf. Ef þú hefur unnið á, legið á eða fengið meðferð á erlendum sjúkrastofnunum sl. sex mánuði þarft þú að láta leita að MÓSA (Meticillín ónæmur Staphylococcus aureus) viku áður en verknámið hefst. Það gera starfsmannahjúkrunarfræðingar. Athugið að niðurstöður úr MÓSA-prófi berast eftir 3-4 daga eftir að próf hefur verið tekið.

❑ Tryggingar - til umhugsunar

Samkvæmt [IV kafla 29. gr. laga um almannatryggingar nr. 100/2007](#) er nemandi sem stundar nám á Landspítala slysatryggður meðan á námi stendur. Nemandinn nýtur ekki frekari tryggingaverndar af hálfu opinberra aðila, en er eindregið hvattur til þess að íhuga stöðu sína og þá vernd sem einkaváttryggingar veita. Nemar í klínísku námi njóta sömu tryggingaverndar að því er varðar bótaábyrgð gagnvart sjúklingum og starfsmenn spítalans, enda vinna þeir á ábyrgð kennara sinna á Landspítala.

Við óskum þér góðs gengis í verklegu námi á Landspítala. Menntadeild Landspítala.